



---

## Stjórnarfundur FÍSOS 9. júní 2021, kl. 11:00 – 12:00

---

Mætt á Teams: Anita Elefsen, Gunnþóra Halldórsdóttir, Hjörtur Þorbjörnsson, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. Fjarverandi: Ingibjörg Áskelsdóttir og Jón Allansson.

### Kynningarefni safna í aðdraganda kosninga

- Þóra greinir frá því að starfshópurinn hafi lagt drög að vinnu við að koma málefnum safna á framfæri við frambjóðendur til þingkosninga í haust, en þær fara fram 25. sept. 2021.
- Tilboð hefur fengist í gerð kynningarefnis, að upphæð 427.500+vsk. – fundarmenn samþykkja að FÍSOS greiði kostnaðinn.
- Stefnt er að því að halda fund með frambjóðendum allra lista þann 19. ágúst 2021 á Náttúruminjasafninu á Seltjarnarnesi (staðsetningin veltur á því að húsnæðið verði tilbúið fyrir slíka viðburði og ýmis mál frágengin að þeirra hálfu – t.a.m. leyfi frá Framkvæmdasýslunni – plan B er Sjóminjasafnið í Rvk.) Fundurinn fari fram í streymi líka. Umfjöllunarefni fundarins verði m.a. Safnasjóður, stefna stjórnvalda gagnvart söfnum og fjármál safna.

### Skýrslur til safnaráðs vegna styrkveitinga 2020

- Nýverið lauk Helga Maureen Gylfadóttir, fyrrum formaður FÍSOS, við skil á skýrslum vegna verkefnastyrkja sem FÍSOS hlaut úr safnasjóði árið 2019. Í kjölfarið ræddi stjórn að gott væri að skila skýrslum vegna verkefnastyrkja sem veittir voru árið 2020 sem fyrst.
  - Farskóli 2020 (1.800.000)
  - Alþjóðlegi safnadagurinn 2020 (1.000.000)
  - Kvistur 2020 (700.000)

### Safnadagurinn 2021

- Rætt um safnadaginn 2021 og kynningarmálin.
- Hvað næsta ár varðar telur stjórn nauðsynlegt að hefjast handa fyrr og auglýsa víðar, t.a.m. í Bændablaðinu, samlesnum og á samfélagsmiðlum.
- Stjórn telur mikilvægt að nýta tímann fram að næsta safnadegi til að byggja upp stærri og breiðari markhóp á samfélagsmiðlum. Jafnvel fá áhrifavalda til að fjalla um valin söfn.
- Kannað verður hvort félagið hafi fjármagn til að vinna áfram að kynningu á samfélagsmiðlum með það að markmiði að breikka markhópinn.

### Farskóli 2021

- Almenn umræða um farskólann í haust, þema og annað slíkt.
- Rædd staðsetning næsta farskóla erlendis (2023) og lögð fram tillaga um að hann fari fram í Amsterdam.



## **Kvistur**

- Vinna við Kvist er komin vel af stað. Elfa Hlín á Seyðisfirði verður ritstjóri og búið er að leggja drög að pistlum og greinum.
- Þema blaðsins í ár verða ýmisskonar hörmungar – en í bland við bjartsýni og ný verkefni.